

Fundargerð háskólaráðs
359. fundur 12. maí 2015
í fundaherbergi 402, Borgum, kl. 13.10 - 16.18.

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13.10.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Óskar Þór fulltrúi háskólasamfélagsins

Jens Garðar fulltrúi menntamálaráðherra

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Kristín Sóley Sigursveinsdóttir formaður iðjuþjálfunarfræðideildar

Tilkynntu forföll:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda

Grímur Rúnar Lárusson varafulltrúi nemenda

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs

Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerðir 356., 357. og 358. funda.

Fundargerð 356. fundar. Rektor var falið að gera breytingu á bókun undir 6. lið í samræmi við umræðu á fundinum. Fundargerðin var samþykkt þannig. Fundargerð 357. fundar var samþykkt. Fundargerð 358. fundar var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit janúar-apríl

1505011

Úlfar gerði grein fyrir yfirlitinu, framsetningu þess og þeim upplýsingakerfum sem háskólinn hefur til að fylgjast með starfseminni.

Rekstrarstaða háskólans er 31,64% af áætlun en viðmiðið er 33,33%. Um er að ræða brúttótölur.

Rektor lagði til að fundnir verði fleiri mælikvarðar fyrir starfsemi háskólans og að háskólaráð fylgist reglulega með lykilþáttum í starfinu.

Úlfar fór af fundinum.

3. Reglur um breytingar á reglum nr.387/2009 fyrir HA

1501061

Reglurnar voru samþykktar samhljóða.

4. Brottfall reglna nr. 414/2006 um val á nemendum í iðjuþjálfunarfræði

0804085

Kristín Sóley sat fundinn undir þessum lið. Gerði hún grein fyrir aðdraganda þess að fjöldatakmörkanir í iðjuþjálfun voru aflagðar.

Háskólaráð samþykkir brottfall reglnanna.

5. Skipun stjórnar Verkefnasjóðs HA - Akureyrarsjóðs

1505004

Samþykkt var skipun stjórnar Verkefnasjóðs 2015-2017. Stjórnina skipa: Kristín Ágústsdóttir forstöðumaður, formaður stjórnar, Embla Eir Oddsdóttir forstöðumaður, Jón Haukur Ingimundarson dósent.

Háskólaráð samþykkti að við úthlutun úr sjóðnum 2015-2017 verði lögð áhersla á mál sem tengjast sjálfbærni (*Sustainable Development*), norðurslóðafræði (*Arcitic Studies*) og loftslagsbreytingum á norðurslóðum (*Global Climate Change in the Arctic*).

6. Skipun Vísindaráðs

1502044

Frestað. Rektor er falið að leggja fram drög að erindisbréfi fyrir vísindaráð á næsta fundi, þar sem vísað er til stefnu háskólans næstu tvö árin.

7. Ráðstefnu- og ferðafé akademískra starfsmanna

1505017

Rætt var um skort á fjármagni til að viðhalda eðlilegum tengslanetum akademískra starfsmanna í gegnum samstarfsnet og ráðstefnur. Háskólaráð lítur alvarlegum augum mismunun á aðstöðu akademískra starfsmanna opinberra háskóla. Háskólaráð mun því fylgja þessu máli eftir og felur ráðið rektor að leggja fram tillögur fyrir fjárhagsárið 2016.

8. Áætlun um jafna stöðu kynjanna við HA 2014-2018

1505018

Áætlunin var kynnt og lögð fram til samþykktar. Háskólaráð lýsti ánægju sinni með áætlunina. Háskólaráð beinir því til rektors að áður en áætlunin er samþykkt í háskólaráði verði hver liður kostnaðargreindur.

9. Fundargerðir háskólaráðs

Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Stefnt er að því að gengið verði frá fundargerðum í lok hvers fundar.

10. Hlutverk og skyldur háskólaráðs

Rektor fór yfir helstu lög og reglur sem gilda um starfsemi háskólaráðs og kynnti heimasíðu háskólans.

11. Önnur mál

Viku fyrir hvern háskólaráðsfund sendir rektor lista yfir helstu stjórnslu-ákvarðanir sem teknar hafa verið frá síðasta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.18